



Áhættustefna

24. júní 2026

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Skipulag áhættustýringar	2
2.1	Eigið áhættumat	2
2.2	Áhættustýringarstefna	2
2.3	Fjárfestingastefna	2
2.4	Hlutverk í áhættustýringu og innra eftirliti	3
3.	Áhættuþol og -vilji	4
4.	Áhættuflokkar	4
4.1	Lífeyristryggingaráhætta	5
4.2	Mótaðilaáhætta	7
4.3	Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta)	9
4.4	Rekstraráhætta	11
5.	Frávik	17
6.	Endurskoðun stefnu	17

1. Inngangur

Áhættustefna er stefna stjórnar Stapa um áhættu í starfsemi sjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Skv. 9. tl. 3. mgr. 29 gr. laga nr. 129/1997 er það m.a. hlutverk stjórnar að setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins. Áhættustefna þessi byggir á ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Áhættustýring hjá sjóðnum skal vera skipulögð og virk, tryggja fagleg vinnubrögð og nauðsynlegt eftirlit. Áhættustýring á að vera eðlilegur og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi sjóðsins og stjórnarháttum á öllum sviðum. Öll framkvæmd áhættustýringar á að endurspegla þessi sjónarmið.

Áhættustýringarstefna og aðrar reglur og ferlar lýsa eftir atvikum hlutverki starfsmanna hvað varðar áhættustýringu. Ferlar skulu skjalfestir um alla meginþætti starfseminnar og endurskoðaðir reglulega, skilgreining þeirra skal taka mið af þeim áhættupáttum sem taka þarf tillit til varðandi tilgreindan verkþátt. Ferlarnir gera þannig lífeyrissjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Sú skilgreining sem í heildstæðu regluverki sjóðsins felst getur aldrei verið tæmandi upptalningu og þar sem þeim sleppir treystir sjóðurinn á áhættumenningu sjóðsins og skynsemi og heiðarleika stjórnar og starfsmanna.

2. Skipulag áhættustýringar

Áhættustýring er viðfangsefni allra starfsmanna og stjórnarmanna Stapa. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu leiða með góðu fordæmi og stuðla þannig að heilbrigðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Í þessu felst m.a. að koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi áhættustýringar og að áhættustýring sé hluti hefðbundinna verkefna og daglegra starfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringu sjóðsins og taki fullan þátt í henni.

2.1 Eigið áhættumat

Stjórn sjóðsins skal móta framkvæmd áhættumats fyrir sjóðinn og skjalfesta verkferla þar sem m.a. eru skilgreind hlutverk þeirra sem koma að matinu. Vinna skal slíkt áhættumat árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Áhættumatið skal taka mið af eðli og umfangi sjóðsins og þar með taka tillit til allra viðeigandi áhættupátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins. Niðurstöður áhættumatsins skal kynna fyrir stjórn og í framhaldinu viðeigandi starfsmönnum, ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu. Skila skal inn til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um eigin áhættumat eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Áhættumatið myndar grunn að breytingatillögum hvað varðar fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og aðra verkferla, ásamt því að skilgreina þá áhættupætti sem fylgjast þarf reglulega með í áhættumælingarskýrslum, reglubundnum könnunum áhættustjóra og öðrum skýrslum.

2.2 Áhættustýringarstefna

Sjóðurinn skal setja sér áhættustýringarstefnu að fengnum tillögum frá áhættustjóra sjóðsins. Áhættustýringarstefna lýsir því hvernig sjóðurinn hyggst hafa eftirlit með einstökum tegundum áhættu og fylgni milli áhættupátta. Henni er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu áhættupætti í rekstri sjóðsins. Fjallað er um skipulag og framkvæmd áhættustýringar ásamt einstökum áhættupáttum. Tilgreint er hvernig fylgst er með tilteknum áhættupáttum í skýrslum og könnunum. Áhættudagskrá tilgreinir hvenær tilteknir eftirlitsþættir eru framkvæmdir.

2.3 Fjárfestingastefna

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingastefnan lýsir stefnu sjóðsins við fjárfestingar og ávöxtun fjármuna sjóðfélaga. Hún lýsir viðhorfum stjórnar sjóðsins til fjárfestinga og áhættu, lýsir því hvernig fjárfestingastefna er mótuð, hvernig skipulag fjárfestingastarfseminnar er og siðferðislega viðmiða í fjárfestingum sjóðsins. Skilgreiningar á áhættupóli og -vilja í áhættustefnu, niðurstöður eigin

áhættumats, tryggingafræðileg staða sjóðsins og hlutfall úrskurðaðra réttinda móta umgjörð fjárfestingastefnunnar.

2.4 Hlutverk í áhættustýringu og innra eftirliti

Stjórn Stapa ber ábyrgð á að móta og samþykkja áhættustefnu sjóðsins og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum. Á grundvelli áhættustefnu felur stjórn framkvæmdastjóra framkvæmd stefnunnar. Hlutverk stjórnar er að kynna sér, gera sér grein fyrir og móta stefnu um þá áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins, þ.m.t. að setja henni ásættanleg mörk. Hluti þeirrar vinnu felst í að móta sérstaka áhættustýringarstefnu, gera eigið áhættumat, ganga frá áhættuáætlun og móta fjárfestingarstefnu, sem skilað er inn til Fjármálaeftirlits árlega. Stjórnin ber ábyrgð á að öll starfsemi sjóðsins sé lögum samkvæmt og fylgi öllum reglum sem um starfsemi hans gilda þ.m.t. eigin samþykktum og stefnu. Þetta gildir bæði fyrir rekstur og fjárfestingar sjóðsins og hvort sem litið er til sjóðsins í heild eða einstakra verkþátta eða eignasafna. Stjórn fær regluleg yfirlit og skýrslur um áhættu sjóðsins og framkvæmd áhættustýringar, til eftirlits og til að meta árangur af gildandi áhættustýringarstefnu.

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins þ.m.t. á stjórnendaeftirliti sem lýtur að framkvæmd áhættustýringar, innra eftirliti og upplýsingagjöf til stjórnar. Framkvæmdastjóri skal taka þátt í mótun áhættustýringarstefnu, setningu markmiða í áhættustýringu og innra eftirliti, fylgjast með þróun áhættustýringar og aðferðum sem beitt er, þeim úrræðum sem tiltæk eru og meta skilvirkni þeirra og gera tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.

Áhættustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Hann hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum, þ.m.t. áhættuflokkun og skipulagi áhættustýringar og skal sjá til þess að stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafi sem bestar upplýsingar um alla áhættustýringu og áhættustig, mv. stefnu og samþykkt verklag.

Áhættustjóri hefur yfirumsjón með mótun áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, gerð eigin áhættumats og áhættuáætlunar í fjárfestingarstefnu í samráði við framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og fjárfestingarráð. Áhættustefna, áhættustýringarstefna og eigið áhættumat skal lagt fyrir stjórn til rýni og samþykktar.

Hjá sjóðnum starfar eignastýringardeild sem annast framkvæmd fjárfestingastefnu sjóðsins. Eignastýringardeild heyrir undir forstöðumann eignastýringar. Starfsmenn eignastýringar mynda saman fjárfestingaráð sjóðsins. Stjórn sjóðsins setur ráðinu reglur.

Skrifstofustjóri sér um almenna starfsmannastjórn, verkstjórn og samskipti um verkefni við starfsmenn. Skrifstofustjóri hefur yfirumsjón með upplýsinga- og tölvumálum og öryggismálum og samskiptum við þjónustuaðila. Hann hefur yfirumsjón með varðveislu gagna í eigu sjóðsins og hefur umsjón með árs- og milliuppgjörum sjóðsins.

Lífeyrisnefnd starfar hjá Stapa lífeyrissjóði. Nefndin starfar í umboði stjórnar, sem setur henni reglur. Verkefni nefndarinnar eru að yfirfara og staðfesta niðurstöðu þeirra örorku- maka- og barnalífeyrisúrskurða hjá sjóðnum sem viðkomandi starfsmenn óska eftir.

Forstöðumaður réttindasviðs hefur umsjón með gagnavinnslu og rýni upplýsinga sem sviðið miðlar til stjórnenda, í ársreikning og ársskýrslu. Þá rýnir hann úrskurði lífeyrisdeildar, reiknuð iðgjöld, úthlutun réttindasjóðs látinna og framreiknings- og jöfnunariðgjald.

Lögfræðingur sjóðsins gegnir hlutverki regluvarðar og annast eftirlit með því að reglum um verðbréfavíðskipti sé fylgt ásamt tilheyrandi lögum og reglum.

Endurskoðunarnefnd starfar í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar frá stjórnendum, hvernig fyrirkomulag upplýsingagjafar er, hvernig áhættustýringu er sinnt og ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur sjóðsins gefi sem gleggsta mynd af stöðu hans á hverjum tíma.

Innri endurskoðandi starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðun aðstoðar stjórn sjóðsins við að meta og prófa þau innri eftirlitskerfi sem sjóðurinn hefur byggt upp í þeim tilgangi að lágmarka hættuna á að sjóðurinn nái ekki markmiðum sínum. Innri endurskoðandi skal starfa náið með áhættustjóra og endurskoðunarnefnd.

Ytri endurskoðandi starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglum 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða og reglum nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða. Í samræmi við starfsskyldur ytri endurskoðanda ber honum m.a. að gefa hlutlausa og áreiðanlega mynd af efnahag og afkomu sjóðsins, þ.m.t. að sannreyna verðmæti eigna og stöðu samninga. Hlutverk ytri endurskoðanda fellur ekki með beinum hætti undir skipulag áhættustýringar.

3. Áhættupól og -vilji

Árleg fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af áhættupóli sjóðsins og áhættuvilja stjórnar. Virkni réttindakerfis sjóðsins ættu að jafnaði að tryggja jafnvægi milli eigna og skuldbindinga að mestu leyti. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því alltaf líkleg til þess að sveiflast nærri 0% á hverjum tíma og ekki þörf á miklum breytingum á skilgreindum áhættuvilja og -póli milli ára. Réttindasjóður sjóðfélaga tekur mánaðarlegum breytingum í samræmi við afkomu eignasafns sjóðsins. Við úrskurð eftirlauna er réttindasjóði breytt í verðtryggð eftirlaun í samræmi við stöðu eignasjóðsins á réttindadegi, þ.e. þeim degi sem upphafstaka eftirlauna er miðuð við. Breytileiki í ávöxtun, fram að réttindadegi hefur því bein áhrif á þau eftirlaun sem sjóðfélagi fær úrskurðuð ævilangt.

Áhættuvilji sjóðsins er skilgreindur út frá ávöxtunarmarkmiði hans sem er 3,5% raunávöxtun. Ef að aðstæður á verðbréfamörkuðum eru á þann veg að auka þarf verulega áhættutöku eignasafns sjóðsins til að markmiðsávöxtun náist er stjórn sjóðsins reiðubúin að lækka ávöxtunarmarkmið sjóðsins. Stapi vill því við gerð fjárfestingastefnu hverju sinni:

- Lágmarka líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga rýrni, þ.e. lágmarka líkurnar á neikvæðri ávöxtun eignasafnsins
- Lágmarka líkurnar á því að kaupmáttur réttinda sjóðfélaga rýrni, þ.e. lágmarka líkurnar á neikvæðri raunávöxtun.
- Hámarka líkurnar á því að ávöxtunarmarkmið sjóðsins náist

Almennt er áhættuvilji sjóðsins m.t.t. fjárfestingastefnu skilgreindur þannig að það eignasafn sem fjárfestingastefnan stefni að gefi m.v. grunnspá um ávöxtun og áhættu innan við 20% líkur á að réttindi skerðist (neikvæð nafnávöxtun) og innan við 30% líkur á því að kaupmáttur réttinda skerðist (neikvæð raunávöxtun).

Áhættupól sjóðsins er skilgreint með sama hætti þannig að eignasafn sem fjárfestingastefna stefni að gefi m.v. grunnspá um ávöxtun og áhættu innan við 20% líkur á að réttindi skerðist og innan við 40% líkur á því að kaupmáttur réttinda skerðist.

4. Áhættuflokkar

Stapi hefur skilgreint áhættuflokka í rekstri sjóðsins sem m.a. byggir á 6. gr. reglugerðar nr. 590/2017. Einstökum áhættupáttum er lýst og fjallað er um mikilvægi þeirra fyrir rekstur sjóðsins, mælingu sjóðsins á áhættupættinum og skilgreiningu áhættupóls sjóðsins og áhættuvilja stjórnar gagnvart viðkomandi áhættupætti, eftir því sem við getur átt.

Mælist áhætta hærra en skilgreindur áhættuvilji stjórnar skal grípa til skilgreindra mildunaraðgerða í því skyni að mæld áhætta færist aftur inn fyrir skilgreindan áhættuvilja stjórnar. Greina skal stjórn sérstaklega frá frávikum frá áhættuvilja og þeim mildunaraðgerðum sem gripið er til hverju sinni.

Í tilviki ófjárhagslegra áhættupátta miðar áhættupól sjóðsins og áhættuvilji stjórnar við áhættuskor samkvæmt niðurstöðu eigin áhættumats og áhættumælinga áhættustjóra. Við mat á áhættuskori

samkvæmt framangreindu eru líkindi og áhrif atburða metin á skalanum 1-4. Margfeldi þeirra tveggja stuðla mynda áhættuskor viðkomandi áhættupáttar.

Lífeyristryggingaráhætta	Mótaðilaáhætta	Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta)	Rekstraráhætta
Skerðingaráhætta	Útlánaáhætta	Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Samþjöppunaráhætta	Uppgreiðsluáhætta	Áhætta vegna svika
Kerfisáhætta	Landsáhætta	Verðbreytingaráhætta	Áhætta vegna upplýsingakerfa
Lýðfræðileg áhætta	Afhendingar- og uppgjörsáhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Orðsporsáhætta
Réttindaflutningsáhætta		Ósamræmisáhætta	Pólitísk áhætta
Lausafjáráhætta		Verðbólguáhætta	Reglu- og hlítaráhætta
		Áhættur vegna skuldbindinga utan efnahags	Úrskurðaráhætta lífeyris
			Áhætta vegna úthýsingar
			Upplýsingaáhætta
			Sjáæfbærniáhætta
			Áhætta vegna stjórnarháttar

4.1 Lífeyristryggingaráhætta

4.1.1 Skerðingaráhætta

Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Samkvæmt 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er lífeyrissjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Árlega er framkvæmd tryggingafræðileg athugun hjá sjóðnum í tengslum við gerð ársreiknings. Þar sem að réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans tryggir réttindakerfið ákveðna aðlögun eigna og skuldbindinga, sem dregur úr þessari áhættu. Á móti kemur að árangur af ávöxtun hefur bein áhrif á kaupmátt lífeyrisréttinda, sem skoða þarf sérstaklega.

Áhættupól sjóðsins gagnvart skerðingaráhættu miðar við 10% tryggingafræðilegan halla. Áhættuvilji stjórnar miðar við 5% tryggingafræðilegan halla.

4.1.2 Iðgjaldaáhætta

Hættan sem stafar af vanskilum iðgjalda eða miklum samdrætti í iðgjöldum. Samdráttur í iðgjöldum getur stafað af fækkun sjóðfélaga og/eða lækkun launa. Snörp lækkun á iðgjöldum getur haft áhrif á framtíðar skuldbindingar og þar með á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í heild. Slíkar breytingar geta því leitt til þess að sjóðurinn uppfylli ekki lagaskilyrði um jafnvægi eigna og skuldbindinga og þ.a.l. þurfi að skerða réttindi óháð eignastöðu vegna áfallinna réttinda. Til að takmarka þessa áhættu leitast sjóðurinn við að hafa ávinnslukerfi lífeyrisréttinda þannig að sem best jafnvægi sé milli framtíðareigna og framtíðarskuldbindinga. Einnig ber að hafa í huga að snörp lækkun iðgjalda kann að hafa áhrif á lausafjárstöðu sjóðsins.

Vanskil iðgjalda geta haft neikvæð áhrif á réttindi sjóðfélaga að því marki sem þau innheimtast ekki úr protabúi launagreiðenda eða gegnum Ábyrgðarsjóð launa. Því er mikilvægt að innheimta iðgjalda verði í föstum skorðum og að næg afkastageta verði til staðar ef vanskil aukast.

Með mánaðarlegum skýrslum um þróun iðgjalda og vanskil þeirra, fylgist sjóðurinn náið með þróun iðgjalda.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart iðgjaldaáhættu miðar við alvarleg vanskil iðgjalda sem nemur 5% af iðgjöldum undangenginna 12 mánaða. Áhættuvilji stjórnar miðar við 2% hlutfall.

4.1.3 Kerfisáhætta

Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þ. á m. félagslegar og hagrænar breytingar, auki lífeyrisbyrði sjóðsins eða takmarki valmöguleika sjóðsins í ávöxtun. Þetta eru áhættuþættir eins og langvarandi atvinnuleysi sem kann að auka líkur á örorku, breytingar á reglum Tryggingastofnunar sem geta haft áhrif á útgjöld sjóðsins o.s.frv. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, s.s. hættan á að almennir erfiðleikar í lífeyriskerfinu þ.m.t. erfiðleikar hjá öðrum lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun hafi neikvæð áhrif á starfsemi sjóðsins eða afkomu sjóðfélaga hans. Kerfisáhættu er erfitt að magntaka og með henni er fylgst fyrst og fremst í gegnum almennan fréttaflutning, bæði af nærumhverfi og fjármálamörkuðum. Þá koma breytingar sem tengdar eru umhverfisáhættu einnig fram í öðru áhættuflokkum, s.s. lýðfræðilegri áhættu, pólitískri áhættu og fjárhagsáhættu.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart kerfisáhættu miðar við að áhættuskor verði metið lægra en 12 í eigin áhættumati og áhættumælingum áhættustýringar. Áhættuvilji stjórnar miðar við að sama mat verði ekki hærra en 8.

4.1.4 Lýðfræðileg áhætta

Hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Skv. 14. til 17. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ber tryggingafræðingum að meta lífs- og örorkulíkur og líkur á að sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn. Undanfarna áratugi hafa lýðfræðilegar forsendur breyst með auknu langlífi og vaxandi örorkulíkum, sem hefur áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða.

Lýðfræðilegar forsendur, sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum eru uppfærðar reglulega. Sjóðurinn fylgist með breytingum á þessum áhættuþáttum og reynt er að meta þessa þætti og hvaða áhrif breytingar á þeim hafa í álagsprófi sem gert er með tryggingastærðfræðingi í tengslum við tryggingafræðilegt uppgjör.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart kerfisáhættu miðar við að áhættuskor verði metið lægra en 12 í eigin áhættumati og áhættumælingum áhættustýringar. Áhættuvilji stjórnar miðar við að sama mat verði ekki hærra en 8.

4.1.5 Réttindaflutningsáhætta

Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín úr sjóðnum. Þessi áhætta er lítil í tryggingafræðideild sjóðsins, þar sem réttindaflutningur er eingöngu í tengslum við lífeyrisúrskurði og þá aðeins þegar um óveruleg réttindi er að ræða. Þessi áhætta er hins vegar fyrir hendi í ríkum mæli í séreignadeild sjóðsins. Brugðist er við

áhættunni á þann hátt að eignir safna séreignardeildar eru ávaxtaðar í auðseljanlegum verðbréfum og ávallt skulu a.m.k. 25% af eignum hvernar leiðar vera í lausu fé eða eignum sem hægt er að losa með stuttum fyrirvara. Sjóðfélagar sem eftir eru í þessum söfnum eiga þannig ekki að líða fyrir flutning annarra sjóðfélaga, þannig að þeir sitji eftir með stærra hlutfall illseljanlegra eigna.

Áhættuþol sjóðsins í séreignardeild miðar við flutning 25% réttinda úr hverri fjárfestingaleið. Áhættuvilji stjórnar miðar við sömu skilgreiningu. Áhættuþol og -vilji er ekki skilgreindur í tryggingadeild fyrir réttindaflutningsáhættu þar sem fjárhæðir sem áhættan nær til eru óverulegar.

4.1.6 Lausafjárahætta

4.1.6.1 Seljanleikaáhætta

Hættan á að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Slíkt getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að skoða veltu viðkomandi verðbréfa (t.d. mánaðarlega meðalveltu) og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama verðbréfi. Seljanleikaáhætta er af tvennum toga. Annars vegar að selja þurfi til að afla lausafjár vegna aðkallandi skuldbindinga og hins vegar að æskilegt sé talið að selja viðkomandi eign vegna versnandi horfa sem líklegt er talið að hafi neikvæð áhrif á ávöxtun til skemmri eða lengri tíma.

Lausafjárahætta í Tryggingadeild sjóðsins er yfirleitt talin lítil, á meðan inngreiðslur iðgjalda í mánuði hverjum nema talsvert hærri fjárhæð en nemur útgjöldum sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrar. Engu að síður er lögð áhersla á að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegt laust fé til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum. Í Séreignardeild sjóðsins er áhættunni stýrt þannig að öll söfn fjárfesta í vel seljanlegum bréfum og ávallt skal vera til laust fé eða eignir sem hægt er að selja með mjög stuttum fyrirvara, án teljandi verðáhrifa, til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart seljanleikaáhættu miðar við að hlutfall óskráðra eigna í eignasafni sjóðsins verði ekki hærri en 19%. Áhættuvilji stjórnar í þeim efnum miðar við 15% hlutfall.

4.1.6.2 Útstreymisáhætta

Hættan á að geta ekki staðið við greiðslur, hvort heldur sem er í krónum eða erlendum myntum, vegna skuldbindinga sem á sjóðnum hvíla. Slíkar skuldbindingar geta verið vegna lífeyris, reksturs eða samninga þar sem sjóðurinn hefur tekist á hendur skuldbindingar. Í flestum tilfellum er þessi áhætta talin lítil á meðan inngreidd iðgjöld í mánuði hverjum nema hærri fjárhæðum en skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrar. Engu að síður er lögð áhersla á að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegt laust fé til að mæta a.m.k. 2ja mánaða útgjöldum.

Til að standa straum af útgjöldum vegna samninga sem sjóðurinn hefur gert, ekki síst í erlendum gjaldmiðlum, er leitast við að sjóðurinn hafi ávallt nægjanlegt laust fé eða greiðan aðgang að slíku lausafé í viðkomandi mynt til að standa straum af slíkum útgjöldum. Gerðar eru áætlanir um útgjöld vegna þessa a.m.k. árlega og þá ár fram í tímann.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart útstreymisáhættu miðar við að lífeyrisbyrði verði ekki hærri en 100%. Áhættuvilji stjórnar miðar við 80% hlutfall.

4.2 Mótaðilaáhætta

4.2.1 Útlánaáhætta

Hættan á að mótaðili standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi. Slík útlánaáhætta er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati, áður en lánað er. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru dæmi um mat á útlánaáhættu.

Skuldaraáhætta tengd sjóðfélagalánum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleysi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar skuldaraáhættu, svo

dæmi sé tekið af greiningu á útlánaáhættu. Lagalegar takmarkanir og nánari takmarkanir í fjárfestingastarfsemi sjóðsins milda verulega útlánaáhættu sjóðsins.

Útlánaáhætta ræðst annars vegar af líkunum á greiðslufalli og hins vegar af áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru. Myndaður er sérstakur afskriftarsjóður til að mæta hugsanlegum töpum vegna mótaðilaáhættu.

Áhættupól sjóðsins gagnvart útlánaáhættu miðar við að áhættuskor áhættupáttarins verði ekki metið hærra en 2 í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji stjórnar miðar við að sama áhættuskor fari ekki hærra en 4.

4.2.2 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum tengdum honum. Samþjöppunaráhætta felur þannig í sér samanlagða áhættu eigna og samninga sem annaðhvort eru útgefnir af tilteknum mótaðila eða fela í sér útlánaígildi á hann, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf, afleiður og aðra fjármálagerningar. Farið er yfir samþjöppunaráhættu í daglegum hlítungarskýrslum og í tengslum við ársfjórðungslegar skýrslur til FME.

Sjóðurinn fylgist með samþjöppunaráhættu í ársfjórðungslegum áhættumælingarskýrslum fyrir sjóðinn í heild. Í áhættuáætlun fjárfestingarstefnu skal setja mörk á ásættanlega samþjöppunaráhættu.

Áhættupól sjóðsins miðar við að áhættueigin samþjöppunaráhætta gagnvart einum mótaðila, öðrum en Ríkissjóði Íslands, verði ekki meiri en sem nemur 10% af heildareignum sjóðsins í tryggingadeild sjóðsins og 20% af heildareignum í séreignardeild. Áhættuvilji stjórnar miðar við 3,5% hlutfall í tryggingadeild og 10% í séreignardeild.

4.2.3 Landsáhætta

Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðsins verði of tengdar einu landi eða landsvæði, eða tiltekið svæði verði fyrir náttúrhamförum. Landsáhætta er viðtækari en pólitísk áhætta og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði, t.d. gjaldeyrisstefnu, hagvöxt, ríkisfjármál, átök á vinnumarkaði, náttúruvá, borgarastríð eða stríð á milli nærliggjandi landa. Skattalegt umhverfi s.s. vegna mögulegrar tvísköttunar sem og samkeppnislöggjöf eru einnig þættir sem horft er til, ásamt almennu lagaumhverfi og verndun eignarréttar. Fjölmörg matsfyrirtæki bjóða upp á landsáhættumat og birta reglulega lista yfir lönd sem raðað er upp eftir áhættu.

Í stefnum einstakra undirsafna sjóðsins í erlendum fjárfestingum, eru sett mörk á heimildir til fjárfestinga á einstökum markaðssvæðum, þar sem m.a. eru takmarkanir á heimildum til fjárfestinga á svæðum utan þróaðra markaða. Fylgst er með landsáhættu með almennum fréttum af mörkuðum og upplýsingum í áhættuskýrslu

Stærsta landsáhætta sem sjóðurinn býr við er áhætta á íslenska hagkerfið, en íslenskar eignir eru mjög stór hluti heildareigna. Fylgst er með hlutfallinu og reynt að hámarka áhættudreifingu með tilliti til þessarar áhættu og unnið er að fjölþættingu eignasafnsins með fjárfestingu í erlendum verðbréfum.

Áhættupól sjóðsins miðar við að erlendar eignir verði allt að því 50% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji stjórnar miðar við að erlendar eignir verði 50% af heildareignum til lengri tíma litið.

4.2.4 Afhendingar- og uppgjörssáhætta

Hættan á að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, t.d. vegna misskilnings vegna þess viðskiptafyrirmæli eru óskýr eða ef mótaðili afhendir ekki fjármálagerning eða greiðslu. Afhendingaráhætta er einnig skilgreind sem sú áhætta að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) viðskipta eða vörsluaðila, þ.e. þegar eignir sjóðsins eru í vörslu 3ja aðila rýrast af þessum sökum.

Í tengslum við nýjar fjárfestingar í verðbréfasjóðum og samninga við vörsluaðila skal gera kostgæfniathugun á vörsluaðila og ganga úr skugga um að sérgreind söfn og eignir í verðbréfasjóðum séu fjárhagslega óháðar vörsluaðila og að vörsluaðili sé traustur.

Áhættupól sjóðsins gagnvart afhendingar- og uppgjörsáhættu miðar við að áhættuskor áhættupáttarins verði ekki metið hærra en 2 í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor fari ekki hærra en 4.

4.3 Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta)

4.3.1 Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Þegar vextir hækka lækkar markaðsvirði skuldabréfaeignar hans. Ef skuldabréf eru ekki metin á markaðsvirði getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Þegar vextir lækka getur það leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga eða eru greidd upp.

Fylgst er með þessari áhættu og tekið tillit til hennar við fjárfestingar. Áhættunni er stýrt með breytingum á líftíma skuldabréfa í eignasafninu og hlutfalli skuldabréfa af heildareignum. Þá er litið til möguleika á fjárfestingum í skuldabréfum með fasta eða breytilega vexti eftir því hvert vaxtastig á markaði er m.t.t. markmiðsávöxtunar sjóðsins.

Áhættupól og áhættuvilji sjóðsins gangvart vaxta- og endurfjárfestingaráhættu er miðast við að meðalbinditími hjá sjóðnum sé aldrei minni en sem nemur 6 árum.

4.3.2 Uppgreiðsluáhætta

Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild, sem felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir sjóðinn. Hættan er sú að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir við kaup bréfanna. Uppgreiðsluáhætta er nátengd vaxtaáhættu, þ.e. ef vextir lækka, eykst hættan á uppgreiðslu bréfa með slíka heimild. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga“.

Þessari áhættu er stýrt þannig að reynt er að tryggja eðlilegt uppgreiðsluálag, ef fjárfest er í bréfum með uppgreiðsluheimild. Haldið er utan um upplýsingar um þessi bréf og fylgst með þróun þeirra. Upplýsingum um stöðu þeirra er miðlað til tryggingastærðfræðings og tillit tekið til þeirra við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu.

Áhættupól sjóðsins gagnvart uppgreiðsluáhættu miðast við að fullu innleysanleg skuldabréf hans séu ekki meira en 12% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji miðast við að sama hlutfall sé ekki meira en 10%

4.3.3 Verðbreytingaráhætta

Stærsta áhættan við fjárfestingar í markaðsverðbréfum eru breytingar á markaðsvirði bréfanna vegna hagþróunar og breytinga á viðhorfi markaðsaðila. Hætta er á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Sama hætta er einnig fyrir hendi vegna verðbréfa með fastar tekjur, vegna almennra vaxtahækkana, breytinga á lögun vaxtakúrfu eða vaxtaálagi. Tekið er tillit til þessarar áhættu við samsetningu eignasafna þar sem stuðst er við söguleg gögn, vænta ávöxtun, áhættu og sviðsmyndagreiningu (Monte-Carlo).

Fylgst er með mælikvörðum um þetta efni, bæði fyrir sjóðinn í heild, einstaka eignaflokka og einstök eignasöfn. Ef mælikvarðar benda til aukinnar áhættu er henni mætt með breytingum á eignasamsetningu bæði m.t.t. eignaflokka og einstakra eigna.

Áhættupól sjóðsins gagnvart verðbreytingaráhættu miðast við að tólf mánaða staðalfrávik sjóðsins sé ekki meira en 10%. Áhættuvilji miðast hins vegar við að staðalfrávik sjóðsins sé ekki meira en 1,2 sinnum staðalfrávik sem birt er í fjárfestingarstefnu fyrir ár hvert.

4.3.4 Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart ISK rýri verðmæti eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum, en allar skuldbindingar sjóðsins eru í ISK. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins.

Þessari áhættu er hægt að stýra með framvirkum samningum og valréttum.

Fylgst er með þessari áhættu í áhættuskýrslum og þar sem teknar eru saman upplýsingar um gjaldmiðladreifingu verðbréfaeignar, mæld er áhætta vegna gjaldmiðla og gerð grein fyrir þeim áhrifum sem þróun gjaldmiðla hefur haft á ávöxtun. Í tengslum við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu og árlega fjárfestingarstefnu eru settar upp sviðsmyndir fyrir breytingar á gengi krónunnar.

Áhættupól sjóðsins miðar við að eignir í erlendri mynt verði allt að því 50% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji stjórnar miðar við að eignir í erlendri mynt verði 50% af heildareignum til lengri tíma litið.

4.3.5 Ósamræmisáhætta

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og breytingum skuldbindinga hins vegar bæði vegna mismunandi líftíma og fjárstreymis. Dæmi um áhættupátt af þessu tagi er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru að fullu verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er aðeins verðtryggt að hluta.

Til að stýra þessu reynir sjóðurinn að setja saman viðmið vegna fjárfestinga sinna, sem tekur mið af áætlaðri þróun skuldbindinga. Verulegur munur mun þó ávallt verða á líftíma eigna og skuldbindinga og á verðtryggingu eigna og skuldbindinga sem gerir það að verkum að sjóðurinn þarf að horfa til þessarar áhættu bæði til skamms og langs tíma.

Taka þarf mark á hlutfalli úrskurðaðra skuldbindinga við mat á áhættunni þar sem þær skuldbindingar eru verðtryggðar. Áhættupól sjóðsins gagnvart ósamræmisáhættu miðar við að verðtryggðar eignir verði að lágmarki 25% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji stjórnar miðar við 33% hlutfall að lágmarki.

4.3.6 Verðbólguáhætta

Hættan á að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram ávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta, er ásamt vaxtaáhættu stærsta fjárhagslega áhættan í rekstri lífeyrissjóða. Verðbólguáhættu er hægt að stýra með hlutfalli verðtryggðra eigna af heildarsafni sjóðsins og fjárfestingu í eignum sem hafa fylgni við verðbólgu (eru góð verðbólguvörn). Verðbólguáhættu má einnig verja með afleiðum.

Reglulega er fylgst með verðbólguáhættu m.a. með því að fylgjast með verðbólguþáttum og bregðast við þeim í fjárfestingum eins og skynsamlegt er talið á hverjum tíma. Í áhættumælingarskýrslum er gerð grein fyrir hlutfalli þeirra eigna sem eru verðtryggðar með beinni tengingu við vísitölu neysluverðs og hvernig verðbólga hefur áhrif á eignir sjóðsins og skuldbindingar. Einnig er reynt að meta næmni eigna fyrir breytingum á verðbólgu.

Taka þarf mark á hlutfalli úrskurðaðra skuldbindinga við mat á áhættunni þar sem þær skuldbindingar eru verðtryggðar. Staða úrskurðaðra skuldbindinga er um 36% undir lok árs 2023. Áhættupól sjóðsins gagnvart verðbólguáhættu miðar við að verðtryggðar eignir verði að lágmarki 25% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji stjórnar miðar við 33% hlutfall að lágmarki.

4.3.7 Áhættur vegna skuldbindinga utan efnahags

Hættan á að atriði sem ekki eru hluti af eiginlegum efnahagsreikningi hafi neikvæð áhrif á hag sjóðsins. Sjóðurinn á ekki eignir sem eru utan efnahags, hins vegar eru lífeyrisskuldbindingar sjóðsins, sem er stærstur hluti skuldbindinga hans, utan efnahags í hefðbundnu uppgjöri. Þessar skuldbindingar eru metnar í tryggingafræðilegum uppgjörum, sem gerð eru í tengslum við ársuppgjör sjóðsins. Einnig eru gerð sérstök álagspróf til að leggja mat á mögulega þróun í þessu efni.

Fyrir utan lífeyrisskuldbindingar eru skuldbindingar vegna áskriftarloforða framtaksfjárfestinga stærstu skuldbindingar utan efnahags. Haldið er sérstaklega utan um fjárhæð óáðreginna áskriftarloforða hverju sinni og hlutfall þeirra af heildareignum sjóðsins.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart áhættu vegna skuldbindinga utan efnahags miða við að óáðregnar áskriftarskuldbindingar verði ekki hærra hlutfall en 8% af heildareignum sjóðsins. Áhættuvilji stjórnar miðar við 6% hlutfall.

4.4 Rekstraráhætta

Áhættuþol sjóðsins og áhættuvilji stjórnar gagnvart áhættuþáttum sem tilheyra rekstraráhættu miðar við að áhættuskor áhættuþáttarins verði metið lægra en 12 í eigin áhættumati sjóðsins og áhættumælingum áhættustjóra.

4.4.1 Starfsmannaáhætta

Starfsmannaáhætta getur falist í að mikilvægir starfsmenn hverfa á braut; í veikindum starfsmanna; að starfslið sé of fámennt; að afleysingum sé ekki sinnt sem skyldi; að starfsmenn séu óánægðir við vinnu sína; í vanhæfni starfsmanna eða vankunnáttu, þ.m.t. í skorti á sérfræðipekkingu eða menntun og þjálfun; að ráðningaferlar, starfslýsingar eða verkferlar séu óljósir eða ófullnægjandi og í raun í öllu sem lýtur að tjóni eða ófullnægjandi árangri, sem rekja má til starfsmanna sjóðsins.

Skýr starfs- og ábyrgðarsvið, starfslýsingar og verkferlar; setning reglna um mismunandi þætti starfseminnar; reglubundin fundahöld með starfsmönnum; virkt stjórnendaeftirlit, starfsmannasamtöl, sérstakir starfsdagar; að stuðla að þátttöku í líkamsrækt, sérstakir mannfagnaðir starfsmanna og þjálfun og námskeiðahald eru allt aðgerðir sem sjóðurinn beitir til að draga úr slíkri áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart starfsmannaáhættu miðast við að áhættuskor sé ekki metið 4 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 2.

4.4.2 Áhætta vegna svika

Hætta á svikum sem valda sjóðnum og sjóðfélögum hans fjárhagslegu tjóni eða rýra orðspor sjóðsins. Bæði getur verið um að ræða sviksemi af hálfu starfsmanna sjóðsins og utanaðkomandi aðila. Sviksemi getur verið af ýmsum toga s.s. brot á lögum eða reglum, skemmdir eða misnotkun eigna eða aðstöðu, þjófnaður, fölsun, yfirhyllming, vísvitandi röng upplýsingagjöf, misnotkun innherjaupplýsinga, innbrot þ.m.t. tölvuinnbrot, peningaþvætti o.s.frv.

Til að draga úr áhættu vegna sviksemi eða mistaka leggur sjóðurinn áherslu á að stjórnendur leiði með góðu fordæmi, starfsandi sé góður og áhættumenning innan sjóðsins sé heilbrigð og tryggji góða meðvitund um mögulegar hættur í þessu efni. Sjóðurinn leggur áherslu á regluleg fundahöld starfsmanna, samvinnu og notkun teymisvinnu við úrlausn verkefna, góða aðgreiningu starfa, skýr starfs- og ábyrgðarsvið og öflugar aðgangsstýringar að upplýsingakerfum og starfsstöðvum og vernd upplýsinga og góðan rekjanleika aðgerða.

Til að draga úr þessari áhættu hefur sjóðurinn sett sér öryggisstefnu, sem m.a. tekur til öryggis og aðgengis að starfsaðstöðu sjóðsins, vernd og aðgengi að upplýsingakerfum, vernd og vörslu eigna hans og þeirra

gagna og upplýsinga sem hann vinnur með og lætur frá sér. Áhersla er lögð á nákvæma og tímanlega úrvinnslu og skráningu gagna, þ.m.t. um allar fjárhagsupplýsingar, afstemmingar séu tímanlega unnar og yfirfarnar og verðmatsupplýsingar séu traustar og tímanlegar og gefi sem réttasta mynd á hverjum tíma. Sjóðurinn hefur einnig komið upp leiðum til að koma kvörtunum á framfæri og sett reglur um upplýðstranir.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart áhættu vegna svika miðast við að áhættuskor sé ekki metið 3 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 2.

4.4.3 Áhætta vegna upplýsingakerfa

Hættan á að upplýsingakerfi, bæði vél- og hugbúnaður, sé ekki að nægjanlega góðum gæðum bæði m.t.t. uppítíma, bilana, afkasta og úrræða. Þau séu ekki nægjanlega vel varin, aðgengi nægjalega takmarkað og rekjanlegt, umgengni sé ekki nægjalega traust og skipuleg o.s.frv. sem leiða kann til tjóns eða ófullnægjandi árangurs í starfi sjóðsins.

Sjóðurinn hefur sett sér upplýsingatækni- og öryggisstefnu þar sem m.a. er reynt að tryggja að upplýsingakerfi sjóðsins standist kröfur og viðurkennda staðla um upplýsingaöryggi, uppfærslur, varnir og aðgengi sé með traustum og skipulögðum hætti. Öryggisstefna sjóðsins tilgreinir regluverk um öryggismál og í áætlun um samfelldan rekstur er kveðið á um m.a. öryggisráðstafanir til að tryggja upplýsingaöryggi og neyðarstjórnun til að tryggja órofinn rekstur upplýsingakerfa.

Skrifstofustjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar og áhættustjóri hefur sérstakt eftirlit með virkni kerfa og aðgengi að þeim.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart áhættu vegna upplýsingakerfa miðast við að áhættuskor sé ekki metið 8 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 4.

4.4.4 Orðsporsáhætta

Hættan á fjárhagslegu tjóni til lengri eða skemmri tíma vegna þess að orðspor sjóðsins og/eða lífeyrissjóða almennt hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta tengist öðrum áhættum og eykur líkur á tjóni vegna þeirra. Slæmt orðspor hefur áhrif á viðhorf almennings, fjölmiðla, sjóðfélaga og viðskiptaaðila til sjóðsins og þar með á möguleika hans til að halda í og afla nýrra sjóðfélaga og viðskipta.

Má í þessu efni benda á áhættur eins og iðgjaldaáhættu, réttindaflutningsáhættu, lausafjáraáhættu og jafnvel einnig áhættur vegna starfsmanna og mögulegar sviksemi.

Erfitt er að mæla orðsporsáhættu en nauðsynlegt er að taka tillit til hennar á öllum deildum í rekstri sjóðsins. Orðsporsáhættu er fyrst og fremst stýrt með því gera starfsmenn og stjórnarmenn meðvitaða um hana, fjalla um hana í tengslum við starfsemi og ákvarðanir og skipuleggja viðbrögð vegna atburða sem taldir eru geta skaðað orðspor sjóðsins. Kynningar- og upplýsingafulltrúi starfar hjá sjóðnum sem á að tryggja aukið gagnsæi, upplýsingagjöf og fræðslu um starfsemina sem einnig er ætlað draga úr orðsporsáhættu. Settar hafa verið reglur um samskipti við almenning og fjölmiðla í starfsreglum stjórnar og siðareglum sjóðsins.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart orðsporsáhættu miðast við að áhættuskor sé ekki metið 4 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 2.

4.4.5 Pólitísk áhætta, lög og reglur

Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðaleyfi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum

eða reglum um starfsemina eða túlkun gildandi laga sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, eða lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, breytingar á eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv. Undir þessa áhættu flokkast yfirleitt einnig tjón sem kann að verða vegna þrýstings frá stjórnvöldum, félagasamtökum, þrýstihópum eða öðrum aðilum sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemina, t.d. orðspor hennar, eða dregið úr möguleikum sjóðsins á að haga sínum málum eftir eigin stefnu. Erfitt er að setja mælikvarða á pólitíska áhættu, en mikilvægt að fylgjast með þróun mála og reyna að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum sem breytingar af þessu tagi hafa á hag sjóðfélaga í sjóðnum.

Áhættupól sjóðsins gagnvart pólitískri áhættu, lög og reglum miðast við að áhættuskor sé ekki metið 8 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 4.

4.4.6 Reglu- og hlítingaráhætta

Hættan á að starfsemi sjóðsins uppfylli ekki ákvæði laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla sem honum ber að fara eftir. Einnig falla hér undir áhættu vegna brota á eigin samþykktum og stefnu, sem og á samningum (samningsáhætta), vegna ófullnægjandi samnings- og skjalagerðar (skjalaáhætta), ófullnægjandi undirbúnings dómsmála o.þ.h. sem leiða kann til tjóns fyrir sjóðinn. Hér má einnig nefna niðurstöður dómsstóla sem hafa áhrif á lagaframkvæmd eða skilning á samningum þ.m.t. á gildi þeirra og formskilyrði, aðgerðir stjórnvalda s.s. þegar túlkun laga eða annarra réttarheimilda er breytt eða hún er með öðrum hætti en sjóðurinn hafði gert ráð fyrir. Þetta tekur einnig til hættu á mögulegum refsiaðgerðum s.s. beitingu sekta eða fávita. Lagaáhætta er náskyld pólitískri áhættu og verður á stundum ekki aðgreind frá henni.

Til að draga úr lagalegri áhættu vinnur sjóðurinn reglulegar hlítingarskýrslur, þar sem könnuð er hlíting starfseminnar við lög, reglur og eigin stefnu. Lagaleg efni eru einnig tekin fyrir þegar ýmis verkefni eru unnin s.s. við undirbúning fjárfestinga, innheimtur, úrskurð lífeyris o.s.frv. til að tryggja hlítingu við réttar reglur. Þá túlkar sjóðurinn sjálfur lög og reglur og nýtir lögfræðilega aðstoð í því skyni. Regluleg og góð upplýsingagjöf, bæði milli starfsmanna og milli starfsmanna og stjórnar um þá þætti sem hér koma til álita er mikilvæg, sem og samskipti við lögmenn sjóðsins og eftirlitsaðila.

Áhættupól sjóðsins gagnvart reglu- og hlítingaráhættu miðast við að áhættuskor sé ekki metið 4 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 2.

4.4.7 Úrskurðaráhætta lífeyris

Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Rangir lífeyrisúrskurðir geta leitt til endurkrafna og skaðað orðspor. Stærri kerfisbundnar villur geta leitt til rangrar myndar af stöðu sjóðsins. Hluti úrskurðaráhættu er fólgin í túlkun á samþykktum sjóðsins og þeim vinnureglum sem hann kemur sér upp við lífeyrisúrskurði.

Til að lágmarka áhættu á villum er beitt samræmdu verklagi (verkferill) við lífeyrisúrskurði og notuð sérhæfð úrskurðarkerfi, sem sækja upplýsingar rafrænt inn í gagnagrunna og minnka þannig villuhættu. Túlkanir og vinnureglur eru settar niður skriflega og breytingar á þeim þurfa samþykki stjórnar eða framkvæmdastjóra við.

Til að lágmarka hættu á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum yfirfer lífeyrisnefnd lífeyrisúrskurði hjá sjóðnum áður en þeir koma til greiðslu og staðfestir niðurstöðu þeirra. Árlega velur áhættustjóri úrtak lífeyrisúrskurða og fer yfir þá með lífeyrisnefnd til að sannreyna að ekki sé um kerfisbundnar villur í úrskurðum lífeyris að ræða. Þá eru reglulega keyrðar sérstakar keyrslur, sem bera

saman réttindi og lífeyri skv. lífeyrisúrskurðum til að sannreyna réttleika þeirra. Komi fram frávik fer lífeyrisnefnd sértaklega yfir þau tilvik ásamt áhættustjóra.

Ef réttindakerfi sjóðsins er breytt eða ef nýir starfsmenn koma að úrskurðum þá eykst úrskurðaráhættan í fyrstu. Mikilvægt er að breytingar á réttindakerfi og yfirfærsla í það sé vel skipulögð og framkvæmd eftir ítarlegar prófanir og samanburð við fyrra kerfi. Eins krefjast breytingar á réttindakerfi þess að starfsmenn á lífeyrisdeild þurfa að yfirfara og e.t.v. setja sér nýjar verklagsreglur við úrskurð lífeyris.

4.4.8 Áhætta vegna úthýsingar

Hættan á að úthýsing leiði til tjóns fyrir sjóðinn. Ástæður úthýsingar einstakra starfspátta geta verið margs konar, s.s. að sérþekking sé ekki til staðar innanhúss eða að talið sé óhagkvæmt að koma henni upp eða að öryggi sé betur tryggt með úthýsingu. Stundum er verkefni úthýst að hluta, til að fá samanburð eða samkeppni við eigin starfsemi. Algengustu ástæður úthýsingar eru þó hagrænar, þ.e. til að draga úr kostnaði. Úthýsingu fylgir ýmiss konar áhætta sem hafa þarf í huga, s.s.:

- minni yfirsýn,
- minni aðgangur að verkferlum og skipulagi,
- úthýsingaraðili uppfyllir ekki samninga,
- starfsmenn úthýsingaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn sjóðsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir hann,
- hæfni starfsmanna úthýsingaraðila er ófullnægjandi,
- fjárhagsstaða úthýsingaraðila er ófullnægjandi, ekki er nægjanlegt eftirlit með starfsemi úthýsingaraðila og tók á slíku eftirliti eru takmörkuð,
- samningar taka ekki á gjaldþroti úthýsingaraðila,
- uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar úthýsingaraðili er ekki að standa sig,
- áætlanir um rekstrarsamfellu hafa ekki verið gerðar til að tryggja rekstrarsamfellu ef úthýsingaraðili stendur ekki við skuldbindingar sínar eða árangur hans er ófullnægjandi,
- áætlanir úthýsingaraðila um rekstrarsamfellu og viðbrögð við áföllum hafa ekki verið könnuð,
- úthýsingaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar t.d. með því að veita aðilum aðgang að gögnum sjóðsins án þess að sjóðurinn hafi veitt heimild til þess,

Helstu upplýsingakerfi og gagnagrunnar sjóðsins eru vistuð hjá þjónustuaðilum. Í þjónustusamningum við þess aðila eru ákvæði er lúta að trúnaði og öryggismálum. Æskilegt er að þessir aðilar hafi öryggisvottun, þannig að vottunaraðilar hafi eftirlit með því að starfsemi viðkomandi aðila sé í samræmi við staðla. Á það bæði við um vélbúnað, vinnslu og vistunarrými, hugbúnað og uppfærslur á honum og aðgengi að kerfum og gögnum og vistun þeirra, þ.m.t. öryggisafritun.

Sjóðurinn hefur sett sér öryggisstefnu, sem m.a. tekur til upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis, þar sem settar eru fram kröfur um öryggi og rekstur upplýsingakerfa. Í samningum við úthýsingaraðila eru settar fram kröfur um að farið sé eftir viðurkenndum stöðlum og fyrir hendi sé vottun eða að skilað sé svokallaðri ISAE 3402 skýrslu.

Áhætta af rekstri upplýsingakerfa er metin a.m.k. árlega og auk þess í tengslum við breytingar sem skipta máli fyrir upplýsingaöryggi eða ef einhver atriði koma upp sem talin eru þurfa frekari skoðunar við. Framkvæmd er sérstök tölvuendurskoðun hjá sjóðnum árlega þar sem skilað er skriflegum niðurstöðum. Þar er farið er yfir virkni og öryggi upplýsingakerfa, aðgangsmál ofl. þar sem greint er hvaða áhættum þarf helst að fylgjast með og hvort rétt sé að gera einhverjar breytingar. Niðurstaða áhættugreiningarinnar er skjalfest.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart áhættu vegna útvistunar miðast við að áhættuskor sé ekki metið 2 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 1.

4.4.9 Upplýsingaáhætta

Hættan á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér séu rangar, hann hafi ekki heimild til að láta þær í té, þær gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.

Upplýsingar eru mikilvægar fyrir starfsemi sjóðsins þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn safnar því, vinnur og geymir mikið magn upplýsinga. Sjóðurinn skal vernda þessar upplýsingar á hagkvæman og viðeigandi hátt og tryggja að enginn óviðkomandi hafi aðgang að upplýsingum sjóðsins, þær séu ekki afhentar óviðkomandi og að upplýsingarnar séu réttar og aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nota þær. Allir starfsmenn sjóðsins hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingu og hafa kynnt sér ákvæði um trúnað í öryggisreglum sjóðsins. Þá ber stjórnarmönnum að halda trúnað í samræmi við reglur sjóðsins og eðli máls.

Tryggja skal, eins og frekast er kostur að upplýsingar sem sjóðurinn sendir frá sér séu nákvæmar, réttar og viðeigandi. Í samskiptum sínum við sjóðfélaga skal sjóðurinn kappkosta að veita sem besta þjónustu og gæta almennrar kurteisi í öllum samskiptum. Starfsmenn skulu eftir fremsta megni veita upplýsingar sem eru réttar og nákvæmar. Ef leitað er eftir ráðgjöf hjá sjóðnum skal gera viðtakanda ráðgjafar grein fyrir því að ráðgjöf byggist á mati, sem getur reynst rangt og það er á ábyrgð viðkomandi einstaklings hvort farið er eftir ráðgjöfinni.

Kynningarefni og auglýsingar frá sjóðnum skulu innihalda réttar og nákvæmar upplýsingar. Þegar gefnar eru fjárhagsupplýsingar skal lögð áhersla á að jafnvægi sé í umfjöllun þannig að getið sé bæði um ávinning og áhættu. Komast skal hjá villandi upplýsingum eða framsetningu sem getur valdið misskilningi. Mikilvæg atriði skulu ekki vera í smáu letri neðanmáls og mögulegri áhættu skal eðlilegur gaumur gefinn. Reynt skal að komast hjá því að skapa óraunhæfar væntingar eða setja fram staðhæfingar sem gætu valdið misskilningi. Allt kynningar og auglýsingaefni skal vera snyrtilegt og rækilega merkt sjóðnum.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldgreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Fáir sjóðfélagar þessi yfirlit ekki reglulega eða ef upplýsingar eru rangar í yfirlitum getur það skapað tjónsábyrgð vegna sjóðfélaga sem ekki gátu brugðist við innan tímaramma laga um ábyrgðasjóð launa. Þá kunna rangar upplýsingar um samsetningu séreignaleiða eða fjárfestingastefnu þeirra að valda sjóðnum tjóni og ímyndarskaða.

Vandlega er farið yfir allt efni, sem sjóðurinn sendir frá sér og settar hafa verið vinnureglur um hvernig upplýsingar eru sendar frá sjóðnum þ.m.t. sérstakar reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga, sem og siðareglur þar sem einnig er vikið að þessum atriðum. Áhættustýring felst m.a. í eftirliti með því að farið sé að settum reglum í þessu efni.

Gagnaáhætta

Gagnaáhætta felur í sér hættu á því að gögn sem sjóðurinn byggir starfsemi sína, útreikninga, greiningar og ákvarðanatöku á séu röng, ófullnægjandi, ósamræmd, óstaðfest eða ekki uppfærð. Slík áhætta getur leitt til rangra ákvarðana, rangrar skýrslugerðar, vanefnda gagnvart laga- og reglugerðarkröfum, fjárhagslegs tjóns og skaða á orðsperi sjóðsins.

Gögn eru ein af grunnstoðum starfsemi sjóðsins og forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar, faglegar og traustar ákvarðanir. Sjóðurinn skal því leitast við að tryggja gæði gagna með skipulögðum ferlum, þar sem meðal annars er hugað að réttleika, heilleika, samræmi, rekjanleika og tímanleika gagna. Skal eftir fremsta megni tryggt að ábyrgð á gagnahaldi, gagnavinnslu og samþykkt gagna sé skýr innan skipurits sjóðsins.

Sjóðurinn skal viðhalda viðeigandi innra eftirliti og verklagsreglum sem miða að því að draga úr gagnaáhættu, meðal annars með reglubundinni yfirferð lykilgagna, prófunum, samanburði milli kerfa og sannprófun gagna sem notuð eru við útreikninga, greiningar og ákvarðanatöku. Þar sem gögn eru fengin frá

Þriðju aðilum skal, eftir því sem unnt er, leggja mat á áreiðanleika gagna og hugsanlega áhættu sem af því leiðir.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd eru jafnframt órjúfanleg rök í stjórnun gagnaáhættu og skal sjóðurinn tryggja að meðferð gagna samrýmist gildandi lögum, reglum og öryggiskröfum.

Tryggingafræði

Við tryggingafræðilegar athuganir skal sérstaklega hugað að gæðum þeirra gagna sem athugunin byggir á. Sjóðurinn skal, í samstarfi við tryggingafræðing, leggja mat á hvort gögn séu nægjanlega ítarleg, nákvæm, samræmd og viðeigandi og hvort ástæða sé til að gera skilmerkilegar athugasemdir við óvissu, takmarkanir eða annmarka á gögnum.

Tryggingafræðileg athugun skal, eftir því sem við á, byggja á staðfestum og sannreyndum gögnum, eða skýrt taka fram þegar stuðst er við áætlanir, forsendur eða ófullkomin gögn. Skal þá gerð grein fyrir mögulegum áhrifum þess á niðurstöður athugunar. Gagnaáhætta í tryggingafræðilegum forsendum getur haft veruleg áhrif á mat á skuldbindingum sjóðsins, fjárhagsstöðu hans og langtíma sjálfbærni og skal hún því metin og skrásett með viðeigandi hætti.

4.4.10 Sjálfbærniáhætta

Áhætta vegna þeirra efnahagslegu og fjárhagslegu áhrifa sem loftslagsbreytingar geta haft á fyrirtæki, eignir og markaði. Loftslagsbreytingar geta leitt af sér breytt markaðsviðhorf gagnvart tilteknum vörum eða þjónustum, lagalegum breytingum sem banna eða takmarka framleiðslu á tilteknum vörum eða framboði á þjónustu, náttúruhamfarir sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og tæknibreytingar vegna nýrra auðlindanýtinga svo dæmi séu nefnd. Loftslagsáhætta er því nátengd ýmsum öðrum áhættuflokkum sem hér hafa áður verið nefndir.

Loftslagsáhætta skiptist í raunlæga áhættu (e. physical risk) og umbreytingaráhættu (e. transitional risk):

Raunlæg áhætta vísar til beinna áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem aukinna náttúruhamfara, hækkandi sjávarstöðu og breyttra veðurfarsmynstra. Slíkar breytingar geta valdið verulegu tjóni á eignum og innviðum, sem hafa fjárhagslega neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja. Þetta getur haft neikvæð áhrif á ávöxtun eignasafnsins og þar með á framtíðarútgreiðslur til sjóðfélaga.

Umbreytingaráhætta vísar til áhrifa af breytingum á regluverki, tækni og markaðsaðstæðum sem tengjast loftslagsmálum. Slíkar breytingar geta aukið rekstrarkostnað fyrirtækja og haft áhrif á samkeppnishæfni þeirra, sem getur leitt til lækkunar á markaðsvirði þeirra. Þetta getur haft neikvæð áhrif á ávöxtun eignasafns lífeyrissjóðs og þar með á framtíðarútgreiðslur til sjóðfélaga.

Stapi tekur mið af loftslagsáhættu og greinir, mælir og fylgist með áhættunni með kerfisbundnum hætti. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar vegna nýrra fjárfestingakosta og hluthafastefnu sem tekur mið af eftirfylgni sjóðsins með eignasafni sínu. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint verklagsreglur vegna ábyrgra fjárfestinga.

Áhættupól sjóðsins gagnvart sjálfbærniáhættu miðast við að áhættuskor sé ekki metið 6 eða hærra í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 3.

4.4.11 Áhætta vegna Stjórnarháttar

Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum haghöfum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum sjóðsins.

Stjórnarhættir fela í sér fylgni við lög, góðar venjur og viðmið sem varða markmið og stefnur sjóðsins, hvernig rekstur hans er skipulagður, skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð, virkni innra eftirlits og hvernig upplýsingaflæði er háttað innan sjóðsins.

Áhættuþol sjóðsins gagnvart áhættu vegna stjórnarháttanna miðast við að áhættuskor sé ekki metið hærra en 4 í eigin áhættumati og áhættumælingaskýrslu áhættustýringar. Áhættuvilji sjóðsins miðar við að sama áhættuskor mælist ekki hærra en 2.

5. Frávik

Starfssvið áhættustýringar skal, að lágmarki ársfjórðungslega, framkvæma nauðsynlega útreikninga á áhættu í tengslum við rekstur lífeyrissjóðsins og skila skýrslu um niðurstöður sínar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins. Í skýrslunni skal sérstaklega tiltekið hvort frávik hafi komið fram á tímabilinu og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar. Áhættustjóri skal tilkynna stjórn um öll frávik sem hafa áhrif á rekstur sjóðsins.

Haldið er utan um frávik sjóðsins af. Öll frávik skaltilkynna í gegnum skráningarform aðgengileg á innri vef sjóðsins. Frávik eru metin eftir alvarleika og hversu hratt þurfi að bregðast við eru yfirfarin á frávikafundum mánaðarlega.

Verði frávik frá fjárfestingarstefnu eða fjárfestingarheimildum skal áhættustjóri tilkynna eignastýringu og framkvæmdastjóra án tafar um frávikið.

Stapi tilkynnir Fjármálaeftirlitinu hið fyrsta, þó eigi síðar en innan 10 virkra daga ef:

- upp koma tilvik um alvarleg frávik eða brot á skilgreindum mörkum áhættu, eða
- upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.

Stapi tilkynnir Fjármálaeftirlitinu hið fyrsta, þó eigi síðar en innan 4 klukkustunda eftir að frávik uppgötvast ef upp koma frávik í rekstri upplýsingakerfa.

Auk upplýsinga um frávik skal tilkynningin einnig innihalda upplýsingar um viðbrögð lífeyrissjóðsins við tilgreindum frávikum.

6. Endurskoðun stefnu

Stefnu þessa skal endurskoða árlega eða þegar breytingar á áhættusniði sjóðsins gefa tilefni til þess.

Stjórn staðfestir hér með áhættustefnu sjóðsins.

Akureyri, 24.júní 2026 .